

Hver er hann þessi Friðjón?

Friðjón R Friðjónsson situr í miðstjórn sem formaður upplýsinga- og fræðslunefndar Sjálfstæðisflokksins. Friðjón er einn eiganda og framkvæmdarstjóra KOM ráðgjafar og hefur lengi gegnt trúnaðarstörfum í Sjálfstæðisflokknum. Hann hefur setið í miðstjórn sem fulltrúi Suðvesturkjördæmis frá árinu 2012 og sat áður í upplýsinga- og fræðslunefnd flokksins á árunum 2003 til 2007 og 2010 til 2012. Friðjón situr einnig í stjórn hverfafélags Háaleitishverfis en hefur áður setið í stjórnnum hverfafélaganna í Austurbæ og Norðurmýri 2003-2005 og Smábúða, Bústaða, og Fossvogs 2005-2007. Friðjón var varaformaður SUS 2003 til 2005 og sat í stjórn SUS 1999 til 2005 og stjórn Heimdallar 1994 til 1996. Friðjón var formaður skólanefndar Menntaskólans við Sund og sat sem varaformaður stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2015 til ársloka 2018. Þá var Friðjón formaður knattskyrnudeildar Vals frá ágúst 2010 út árið 2011. Friðjón sat einnig í stjórn Heimssýnar frá 2004 til 2007.